

Sp.

4. Tillaga til þingsályktunar

[4. mál]

um gerð frumvarps um framkvæmd byggðastefnu.

Flm.: Stefán Benediktsson, Guðmundur Einarsson, Kolbrún Jónsdóttir,
Kristín S. Kvaran.

Alþingi ályktar að skipuð verði nefnd, samkvæmt tilnefningu, til að semja frumvarp til laga um framkvæmd byggðastefnu. Frumvarp þetta feli m. a. í sér eftirtalin atriði:

1. Byggða- og áætlanadeild núverandi Framkvæmdastofnunar ríkisins verði sjálfstæð stofnun undir umsjón félagsmálaráðuneytisins.
2. Starf byggða- og áætlanadeildar verði tengt skipulagsstarfi á vegum Skipulags ríkisins og sveitarfélaga með löggjöf.
3. Starfsvið byggða- og áætlanadeildar verði skýrt afmarkað sem og gerð byggðaáætlana.
4. Lánadeild og stjórn Framkvæmdastofnunar hætti störfum. Bygðasjóður verði lagður niður.
5. Alþingi ákvarði, þegar eftir því er leitað, upphæðir á fjárlögum til einstakra byggðaáætlana.

Nefndin skal skipuð 9 mönnum, einum frá hverjum þingflokki og þremur frá Sambandi íslenskra sveitarfélga. Skal nefndin skila álitum fyrir marslok 1984.

G r e i n a r g e r ð .

Tillaga þessi tekur mið af því stefnumáli Bandalags jafnaðarmanna að skilja beri betur að starfsvið ríkis og sveitarfélaga í anda lýðræðis og opnara stjórnkerfis með hagkvæmni og frelsi í smáum einingum í huga.

Bandalag jafnaðarmanna telur byggðastefnu nauðsynlega og að verkefni hennar sé að stuðla að fullnýtingu þeirra möguleika, sem hvert hérað landsins og íbúar þess búa yfir, til arðbærs vaxtar í atvinnulífi og þjónustu, ásamt mótun heilbrigðs samfélags og umhverfis. Aðgerðir yfirvalda eiga að ryðja úr vegi hindrunum, sem hefta óeðlilega þróun byggðar, og gera sem flestum einstaklingum mögulegt að velja búsetu og starf að óskum. Stefunmörkun í byggðamálum er nú í raun og veru engin. Í hugum flestra er byggðastefna í dag nánast samnefnari fyrir aðgerðir sem eru í mótsögn við skynsamleg þjóðfélagsmarkmið.

Við gerð byggðastefnu verður að afmarka skýrt þrjá verkþætti, þ. e. áætlanagerð, ákvarðanatöku og fjármagnsúttegund. Áætlanagerðin yrði að vera tvíþætt, þ. e. landsáætlun og héraðaáætlun. Hvað varðar áætlanagerð telur Bandalag jafnaðarmanna nauðslynlegt að Bygðadeild verði gerð að sjálfstæðri stofnun sem vegna hlutverks síns á heima undir stjórn

félagsmálaráðuneytis. Því næst er nauðsynlegt að afmarka hlutverk deildarinnar með reglugerð sem tæki mið af eftirtöldum atriðum:

1. Gerð byggðaáætlana.
2. Umfjöllun um opinberar aðgerðir og áhrif þeirra á þróun byggðar. Umsagnir um aðsend málefni, athuganir að eigin frumkvæði um ýmis mál, sem áhrif hafa á byggðaþróun, og tillögugerð um atriði sem betur mættu fara.
3. Bein samskipti við fyrirtæki, sveitarfélög og einstaklinga um ýmis verkefni og upplýsingamiðlun, ráðgjöf og athuganir við stofnun nýrra fyrirtækja, athugun á rekstrarskilyrðum og þátttaka í almennri viðleitni heimamanna til atvinnuaukningar og úrbóta í byggðaþróun.
4. Skýrsla til Alþingis um það hvar Byggðadeild álitur að þörf sé mest á að beina fjármagni og til hvaða verkefna.
5. Rannsóknir í byggðamálum. Það er nauðsynlegt að færa saman á einn stað almennar upplýsingar um ástand og þróun í byggð landsins. Einnig þarf að safna saman þekkingu á ýmsum atriðum og aðstæðum, draga saman niðurstöður og gera tillögur til úrbóta. Stuðla verður að vaxandi rannsóknastarfsemi í samvinnu við Háskóla Íslands. Almenn útbreiðsla upplýsinga, t. d. með útgáfu tímarits.

Þegar talað er um nauðsyn áætlanagerðar þá er ekki verið að tala um framleiðsluskipulag eins og það þekkist austan tjalds. Það vill brenna við að íslenskir sjórnámamenn líti þannig á þær áætlanir sem þegar hafa verið gerðar af Byggðadeild. Áætlanirnar eiga að vera vettvangur til þess að setja fram kosti um framtíðarþróun einstakra byggða og afleiðingu vals á milli leiða. Þær eru nauðsynlegar sem viðmiðun vegna þeirrar samræmingar sem vera þarf á milli hinna ýmsu greina atvinnulífs og félagslegrar þjónustu. Þess vegna geta þær aldrei verið beinn grundvöllur til útlánastarfsemi.

Semja verður ákveðnar vinnu- og viðmiðunarreglur fyrir gerð byggðaáætlana. Áætlanir þessar verða að fá formlegt gildi með lögum eða reglugerð. Þess vegna verða menn að gera sér grein fyrir því hvernig áætlanir á að gera, hvað á að áætla. Gera þarf áætlanir fyrir hvert hérað landsins. Aðgengilegast er að afmarka hérað sem svæði umhverfis þéttbýlisstað, nema þar sem byggð er dreifð og þéttbýlisstaðir litlir, þá má hugsa sér að gera áætlun fyrir fleiri en eitt hérað. Áætlanirnar verður að vinna í sem nánustu samstarfi við heimaaðila. Til þess að slíkt samstarf geti orðið virkt þarf að taka til sérstakrar athugunar möguleika á því að setja á stofn áætlananefndir í hverju héraði. Í þessu sambandi verður nauðsynlegt að endurskoða löggjöf um skipulagsmál þannig að náð samhengi verði á milli byggingaskipulags og áætlanagerðar Byggðadeildar.

Helstu efnisþættir byggðaáætlana ættu að vera:

1. Mannfjölda- og mannaflaþróun.
2. Ástand grundvallaratvinnulífs.
3. Möguleikar til atvinnuaukningar.
4. Húsnæðismál.
5. Þjónustustig.
6. Ástand og horfur í vegamálum, hafnamálum, flugvalla- og orkumálum.
7. Menntakerfi og heilbrigðisþjónusta.
8. Menningarlíf, útivist og þess háttar.

Í byggðaáætlun ætti að setja fram: 1) Markmið, þ. e. að hverju á að stefna. 2) Möguleika, þ. e. hvað er hægt að gera til að ná markmiðunum. 3) Niðurstöður, þ. e. hverjar eru nauðsynlegar forsendur þess að möguleiki geti orðið að raunveruleika. Síðan þarf að gera grein fyrir kostnaði, þ. e. hvað kosta aðgerðir og hverjar eru nytsemdirnar?

Hlutverk byggðaáætlana er að vera rammi um nauðsynlega samræmingu aðgerða varðandi það hérað sem áætlunin nær til, með sérstakri áherslu á aðgerðir til eflingar

atvinnulífs. Það er því nauðsynlegt að þessar áætlanir fái lögbundna stöðu í stjórnkerfinu. Hjá því verður ekki komist. Ákvörðun um val milli leiða er tekin af heimamönnum, þ. e. sveitarstjórnnum á viðkomandi áætlanasvæði.

Þegar byggða- og áætladeild Framkvæmdastofnunar ríkisins hafa verið settar undir umsjón félagsmálaráðuneytis telur Bandalag jafnaðarmanna eðlilegt að lánadeild og stjórn Framkvæmdastofnunar ríkisins hætti störfum. Bein tengsl milli gerðar byggðaáætlana og útlánastofnunar af því tagi, sem Framkvæmdastofnun ríkisins er, er beinlinis óeðlileg og óheilbrigð. Reynsla undanfarinna ára af Framkvæmdastofnun og kommissörum hennar hefur ekki sannað ágæti þessarar ráðstöfunar. Lánveitingar Framkvæmdastofnunar hafa tekið mið af pólitískum stundarhagsmunum, en ekki efnahagslegum langtímahagsmunum. Samkvæmt stjórnarskrá Íslands fer Alþingi með fjárveitingavald og það hefur sýnt sig að þetta aukna fjárveitingavald, sem Framkvæmdastofnun er, þar sem alþingismenn sitja á stólum útlánastjóra, hefur verið til hreinnar óþurftar fyrir þjóðarþúð.

Samhliða því að Framkvæmdastofnun hætti störfum mætti leggja niður alla þá lánasjóði sem henni eru tengdir.

Eins og áður er á minnst verða heimamenn að vera ábyrgir fyrir áætlanagerðinni sjálfir og ákvörðun um val milli leiða. Þá fyrst er hægt að gera sér grein fyrir kostnaði þess sem gera á. Ef nauðsynlegt þykir að leita til Alþingis um fjármögnun framkvæmda er eðlilegt að byggðaáætlun öðlist lagalegt gildi eins og áður var nefnt. Þar með skuldbinda aðilar sig að fylgja ákvörðunum sínum fram. Fjárveitingar Alþingis til byggðamála yrðu þá veittar á fjárlögum til einstakra byggðaáætlana.

Að mati Bandalags jafnaðarmanna er ekki hægt að setja því ákveðnar skorður fyrir fram hvaða hlutdeild Alþingi á í því að fjármagna byggðaáætlanir. Byggðaáætlun er samræming aðgerða á mörgum sviðum og því verður að ganga út frá því í upphafi að hægt sé að fjármagna mjög marga þætti hennar úr eigin sjóðum heimamanna eða með peningum fengnum að láni í bönkum. Það gefur auga leið að fjárveitingar ríkisins eða Alþingis til byggðamála eru opinber viðurkenning á þjóðhagslegri hagkvæmni slíkra aðgerða og því teknar fram yfir aðgerðir á einhverjum öðrum sviðum samneyslu. Ef menn vilja halda því fram að það sé eðlilegt að nota skattpeninga landsmanna til útlánastarfsemi, líkt og gert hefur verið í Framkvæmdastofnun, þ. e. a. s. í Byggðasjóði og Framkvæmdasjóði, þá verða menn líka að hugleiða það hvort ekki sé eðlilegt að skila landsmönnum aftur vöxtunum af þessari útlánastarfsemi til þess að hún geti haft áhrif til lækkunar á opinberum gjöldum þeirra.

Þar sem mál þetta varðar sveitarstjórnarmenn mjög miklu er gert ráð fyrir því, miðað við núverandi aðstæður, að þeir eigi þriðjung fulltrúa í nefnd þeirri sem fjalla mun um mál þetta. Mikil umræða hefur farið fram á undanförunum árum um skipan sveitarstjórnamála. Þrátt fyrir tillöguflutning af ýmsu tagi á undanförunum árum hefur ekki enn fengist nein endanleg niðurstaða í mál þessi og því ekki tímabært að blanda þeim inn í umræðu um byggðastefnu. Forsendur byggðaáætlana eru magvíslegar og hreppaskipting ekki nema ein þeirra. Aðalatriðið er að markmið byggðastefnu séu skýr og augljós, þau varða fólk og þá skipta hreppamörk ekki öllu máli. Fjárveitingar Alþingis til byggðamála eiga að ráðast hverju sinni af þjóðarhagsmunum, hvort heldur um er að ræða fjárhagslega eða félagslega.